

ÁRSSKÝRSLA 2024



[Sláðu inn hér]

Vorið 2025.

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.

Halldór Brynjar Gunnlaugsson

Ljósmynd á forsíðu:

Ljósmynd tekin í Erasmus+ ferð Farskólans til Ítalíu haustið 2024.

Ljósmynd: Farskólinn.

Efnisyfirlit

Um Farskólann	4
Stofnun og stofnaðilar	4
Stjórn og varastjórn	5
Gildi Farskólans	6
Mannauður	6
Fjárframlög frá opinberum aðilum til reksturs og verkefna	8
Starfsemi Farskólans í tölum	8
Um fræðslustarfið - tölfræði	11
Námskeið	11
Þátttakendur	13
Námið	14
Framhaldsfræðsla - Vottaðar námsleiðir	14
Íslenska fyrir útlendinga	15
Starfstengd námskeið – persónuleg færni	17
Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra	18
Önnur námskeið	18
Náms- og starfsráðgjöf	19
Raunfærnimat	19
Háskólanám	20
Erasmus+ aðild	22
Gæðastarf og viðurkenning	23
Samstarf og önnur verkefni	26
Húsnæði og búnaður	29
Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025	30
Rekstraráætlun 2025	33
Lokaorðin mín	34


Um Farskólann

STOFNUN OG STOFNAÐILAR

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var formlega stofnaður á Sauðárkróki 9. desember árið 1992 og fékk við það sína eigin skipulagsskrá. Starfsár Farskólans eru því orðin 33. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá, sem samþykkt var af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009, eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Formlegir, núverandi, stofnaðilar að Farskólanum eru: Húnaþing vestra, Húnaþing norðvestra (Húnavatnshreppur, Blönduós og Skagabyggð), Sveitarfélagið Skagatrönd og Sveitarfélagið Skagafjörður. Stéttarfélagið Samstaða og Aldan stéttarfélag, Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu. Verslunarmannafélag Skagfirðinga, HSN Sauðárkróki, Fisk Seafood ehf., Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Háskólinn á Hólum.

Starfssvæði Farskólans nær frá Hrítafirði í vestri og til miðs Tröllaskaga í austri. Norðurland vestra er 13.106 km² eða 12,7% af flatarmáli Íslands. Á svæðinu eru fjögur sveitarfélög eftir síðustu sameiningar og er Sauðárkrókur stærsti þéttbýliskjarninn. Íbúar á Norðurlandi vestra voru 7.294 þann 1. janúar 2024 samkvæmt vef Byggdastofnunar. Sjá: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefing/maelabord/ibuafjoldi-1-januar>



Myndin sýnir starfssvæði Farskólans

STJÓRN OG VARASTJÓRN

Samkvæmt skipulagsskrá sitja fimm aðalmenn í stjórn Farskólans og er hún kosin til tveggja ára í senn. Ný stjórn var kjörin á aðalfundi sem haldinn var 7. júní. Formaður stjórnar fram á sumar var Guðmundur Finnbogason frá stéttarfélaginu Samstöðu en þá tók Þórarinn Sverrisson frá Öldunni, stéttarfélagi, við formennsku. Sjá töflu 1.

Tafla 1. Stjórn Farskólans, sem kosin var á aðalfundi vorið 2023 og situr til ársins 2025.

Stofnun / samtök	Aðalfulltrúar	Varafulltrúar
Stéttarfélög – Samstaða /Aldan	Guðmundur Finnbogason/ Þórarinn Sverrisson	Þórarinn Sverrisson
Fyrirtæki og stofnanir - HSN	Kristrún Snjólfsdóttir	Hulda Jónsdóttir
Sveitarfélög – Skagafjörður	Kristófer Már Maronsson	Elín Aradóttir
Fjölbrautaskóli Norðurlands v.	Ingileif Oddsdóttir	Þorkell Þorsteinsson
Háskólinn á Hólum	Hólmfríður Sveinsdóttir	Lára Gunndís Magnúsdóttir

Árið 2024 voru haldnir þrír formlegir stjórnarfundir. Í september lét Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir af störfum sem framkvæmdastjóri og Halldór B. Gunnlaugsson var ráðinn í hennar stað. Aðalfundur var haldinn fimmtudaginn 16. maí.



Frá aðalfundi Farskólans 2024. Frá vinstri í neðri röð: Kristrún Snjólfsdóttir, Elín Aradóttir, Bryndís K. Williams Þráinsdóttir, Lára Gunndís Magnúsdóttir. Efri röð frá vinstri: Atli Hjartarson, Þorkell Þorsteinsson, Guðmundur Finnbogason, Kristján Jónasson og Kristófer Már Maronsson. Ljósmynd: Farskólinn.

GILDI FARSKÓLANS

Á vörfundum Farskólans 24. júní 2019 voru gildi Farskólans ákveðin eftir nokkra stefnumótunarvinnu. Gildin eru: *Framsækni*, *virðing* og *sveigjanleiki*.

Framsækni: Farskólinn er framsækin miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra sem leggur áherslu á fagmennsku á öllum sviðum. Fagmennskan byggir meðal annars á námskrám, áætlunum og gæðaviðmiðum sem Farskólinn hefur sett sér. Farskólinn vill vera í fremstu röð þegar kemur að framförum og nýjungum.

Virðing: Í Farskólanum mætum við hverjum námsmanni þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum. Við stuðlum að og virðum: jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Í Farskólanum er borin virðing fyrir starfsfólki og námsmönnum og þeim eru boðnar góðar aðstæður til vinnu og náms.

Sveigjanleiki: Farskólinn leitar leiða til að koma til móts við þarfir einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Farskólinn er fljótur að bregðast við aðstæðum sem koma fram í samfélaginu fyrir nám og þjálfun.

MANNAUÐUR

Árið 2024 urðu breytingar á starfsmannahaldi hjá Farskólanum.

- Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri, lét af störfum sem framkvæmdastjóri um miðjan september og fór í almenna verkefnastjórn.
- Halldór B. Gunnlaugsson, verkefnastjóri, sem sá um fræðsluáætlanir fyrirtækja og fleira. Halldór tók við stöðu framkvæmdastjóra um miðjan september.
- Jóhann Ingólfsson, verkefnastjóri, fór í veikindaleyfi í febrúar og hætti störfum um mitt ár.
- Þórhildur María Jónsdóttir kom til starfa í ágúst. Helstu verkefni hennar voru almenn verkefnastjórn; íslenska, vottaðar námsleiðir, raunfærnimat og fleira.

Auk þess sá Margrét Guðmundsdóttir, frá bókhaldsstofunni KOM, um að færa bókhald. Margrét Hallsdóttir, náms- og starfsráðgjafa hjá FNV, tók náms- og starfsráðgjafaviðtöl. Farskólinn keypti einnig ráðgjafabjónustu frá SÍMEY.

Leiðbeinendur og verktakar í kennslu

Farskólinn leitast við að ráða leiðbeinendur sem hafa fagmenntun/sérfræðipækkingu og/eða kennsluréttindi á því sviði sem kennt er s.s. ef um réttinda- eða eininga bætt nám er að ræða. Í öðru námi svo sem eins og á tómstundanámskeiðum er horft meira til sérfræðipækkingar og færni leiðbeinandans.

Leiðbeinendur á námskeiðum Farskólans voru allir verktakar. Þeir leiðbeinendur sem komu að kennslu námskráa FA voru nánast allir með kennsluréttindi. Leiðbeinendur á íslenskunámskeiðum hafa flestir kennsluréttindi og góða reynslu í að kenna íslensku sem annað mál.

Gerðir voru verktakasamningar við leiðbeinendur á stærri námskeiðum þar sem fram kom: heiti verkefnis, nafn verktaka, kennitala og bankaupplýsingar, verktakagreiðslur, vísan í gæðamál og hvernig skuli fara með greiðslur til hins opinbera.



Af námskeiði í pylsugerð haustið 2024. Ljósmynd: Farskólinn.

Fjárframlög frá opinberum aðilum til reksturs og verkefna

Árið 2024 fékk Farskólinn styrk frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til reksturs að upphæð **32 milljónir** króna (29,8 milljónir árið 2023).

Viðaukasamningur um fjárframlag á grundvelli fjárlaga var gerður á milli Farskólans og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Samningurinn gildir til loka ársins 2026. Í 1. grein heildarsamnings stendur meðal annars: *Meginmarkmið með samningi þessum eru að Farskólinn mun vinna að markmiðum laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa laganna ... Farskólinn skal vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu á Norðurlandi vestra vegna framhaldsfræðslu og nemenda á háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir. (Úr samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, árið 2022).*

Farskólinn fékk framlög úr Fræðslusjóði til að kenna vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og til verkefna í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Farskólinn fékk einnig framlög frá Fjölmennit – fullorðinsfræðslu fatlaðra til að skipuleggja námskeið og Rannís, vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga. Stofnaðilar greiddu vildargjöld til Farskólans samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2022. Fjallað er nánar um styrki til verkefna og uppgjör í köflum um einstök verkefni og í ársreikningi.

STARFSEMI FARSKÓLANS Í TÖLUM

Farskólinn er á fjárlögum og er skólinn ekki rekinn með hagnaðarsjónarmið í huga. Mynd 1 sýnir yfirlit yfir helstu rekstrartölur Farskólans frá árinu 2015 til ársins 2024 og sýnir myndin breytingar á fjárhagslegu umfangi starfseminnar á tímabilinu og rekstrarniðurstöðu hvers árs. Nánari skýringar eru í ársreikningi fyrir 2024.




Mynd 1. Myndin sýnir helstu rekstrartölur í þúsundum króna árin 2015 – 2024.

Rekstrarniðurstaða ársins 2024 var jákvæð um 3.442 þúsund krónur þegar búið er að taka tillit til fjármagnstekna. Skýringin er meðal annars sú að tekjur vegna verkefna jukust á síðasta ári. Ef horft er aftur til ársins 2015 kemur í ljós að á tíu ára tímabili hefur rekstrarafgangur í heild sinni verið rúmlega 800. Þús af starfsemi Farskólans.

Tekjur


Á mynd 2 má sjá hlutfallslega skiptingu tekna frá árinu 2019 – 2024. Tekjur vegna verkefna Fræðslusjóðs, íslenskukennslu, Fjölmennt og annarra fræðsluverkefna flokkast hér sem „Námskeið og aðrar tekjur“



Mynd 2. Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu tekna árin 2019 – 2024.

Gjöld

Hlutfall launa og launatengdra gjalda má sjá á mynd 3. Árið 2021 voru fimm starfsmenn í Farskólanum í 4,5 stöðugildum. Um mitt ár 2024 voru þrír starfsmenn í þremur stöðugildum. Á mynd 3 má sjá hlutfallslega skiptingu gjalda frá árinu 2019. Þess bera að geta að allur launakostnaður var tekin saman í einn lið í stað þess að deila honum á milli verkefna eins og til dæmis á háskólanámið.




Mynd 3. Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu gjalda frá árinu 2019.

Um fræðslustarfið - tölfræði

NÁMSKEIÐ

Í Farskólanum er starfsárinu skipt upp í tvö tímabil; vorönn og haustönn. Þau námskeið sem ná yfir áramót eða sumarfrí teljast sem tvö námskeið og eru skilgreind sem fyrri hluti og seinni hluti.

Árið 2024 voru haldin samanlagt 138 námskeið og fyrirlestrar af öllum stærðum og gerðum; allt frá námskeiðum sem stóðu yfir í 100 klukkustundir til námskeiða eða fyrirlestra sem stóðu yfir í rúma klukkustund. Í viðauka má finna nánari upplýsingar um námskeiðin. Námskeiðum og fyrirlestrum fjölgaði á milli ára eins og sjá má. Sjá nánar á mynd 4 sem sýnir fjölda námskeiða og fyrirlestra frá 2003.




Mynd 4. Myndin sýnir fjölda námskeiða og fyrirlestra árin 2003 – 2024.

Farskólinn leggur mesta áherslu á að bjóða upp á þjónustu og nám fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar, til dæmis vottaðar námsleiðir FA, nám sem tengist störfum fólks úti í atvinnulífinu og íslensku fyrir útlendinga, sem sest hafa að á Norðurlandi vestra.


Kennslu- og nemendastundir

Árið 2024 voru kennslustundir á námskeiðum og fyrirlestrum 2175 að tölu (1.500 árið 2023). Hver kennslustund var **40 mínútur** að lengd. Ef kennslustundir eru teknar saman í klukkustundum voru þær 1000 klst. Sjá mynd 5.



Mynd 5. Myndin sýnir fjölda kennslustunda árið 2024 og samanburð frá árinu 2003.

Árið 2024 voru nemendastundir **20.148** (13.700 árið 2023). Nemendastundum fjölgaði um tæp 50% á milli ára. Nemendastundir eru fundnar með því að *margfalda saman fjölda þátttakenda og fjölda kenndra stunda á hverju námskeiði fyrir sig og leggja tölurnar síðan saman*. Sjá mynd 6 sem sýnir fjölda nemendastunda eftir árum frá árinu 2003.




Mynd 6. Fjöldi nemendastunda árið 2024 og samanburð frá árinu 2003..

ÞÁTTTAKENDUR

Fjöldi þátttakenda og kynjaskipting

Árið 2024 sóttu **1442** nemendur (1137 árið 2023) námskeið og fyrirlestra í Farskólanum. Fjöldi kvenna var **1225** (927 árið 2023). Fjöldi karla var **217** (210 árið 2023). Sjá mynd 7 sem sýnir þróunina frá 2004.



Mynd 7. Myndin sýnir fjölda karla og kvenna á námskeiðum Farskólans frá árinu 2004 til og með árinu 2024.



Námskeið í kransagerð – haldið á Blönduósi haustið 2024. Ljósmynd: Farskólinn.

Námið

Markaðsstarf og auglýsingar

Árið 2024 gaf Farskólinn ekki út sérstakan námsvísi heldur var ákveðið að auglýsa námskeið eingöngu í staðarmiðlum og á samfélagsmiðlum.

FRAMHALDSFRÆÐSLA - VOTTADAR NÁMSLEIÐIR

Árið 2024 nam framlag Fræðslusjóðs til að kenna vottaðar námsleiðir FA samtals **14.000.000 kr.** Farskólinn nýtti samtals 17.619.432 til kennslu námsleiða árið 2024 og fór því 3.616.431 fram yfir úthlutað fjármagn. Af því voru 1.550.000 færð úr raunfærnimati (heimilt er að færa 50% fjármagns sem úthlutað er til raunfærnimats á milli verkefna). Farskólinn fór því 2.104.431 fram yfir og náði því markmiðum ársins 2024 og vel það. Til samanburðar þá náðust markmið ársins 2023 ekki og endurgreiddi Farskólinn 3.438.789 kr til Fræðslusjóðs í lok ársins.

Upplýsingar um framkvæmd námsleiða FA eru ávalt vel aðgengilegar í Farskólanum hverju sinni, þar sem verkefnastjórar skila *formlegri skýrslu* um framkvæmd þeirra.

Árið 2024 tók Farskólinn þátt í tilraunakennslu á nýju starfstengdu námi sem kallast Færni á vinnumarkaði og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Vinnumálastofnunar og símenntunarmiðstöðva. Námið er ætlað fötluðu fólki í atvinnuleit sem er að stíga inn á almenna vinnumarkaðinn. Námið var kennt á Sauðárkróki og fjarkennt til Skagastrandar og Hvammstanga.


Tafla 2. Taflan sýnir þær vottuðu námsleiðir FA, sem kenndar voru árið 2024.

Vottaðar námsleiðir	Hlutfall *	Hvar haldnar
Grunnmennt fyrir fiskvinnslufólk	100%	Sauðárkrókur
Grunnmennt	30%	Fjarkennt
Uppleið	100%	Fjarkennt
Uppleið	100%	Fjarkennt
Ferðapjónusta I	100%	Sauðárkrókur
Ferðapjónusta I - útl.	100%	Fjarkennt
Skref til sjálfshjálpar	100%	Fjarkennt
Skref til sjálfshjálpar	100%	Fjarkennt
Leik og stuð vor og haust	50%	Fjarkennt

*Þessi dálkur sýnir hversu stór hluti námsleiðarinnar var kenndur árið 2024.

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Samkvæmt vef Byggðastofnunar (<https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelabord/rikisfang>) bjuggu 709 erlendir ríkisborgarar á Norðurlandi vestra 1.janúar árið 2024 (659 árið 2023) eða 9,7% íbúanna (9.1% árið 202). Langflestir bjuggu í Skagafirði eða 358. Tölurnar sýna að þessi hópur fer ört stækkandi og þær gefa vísbendingar um að mikil þörf er á íslenskunámskeiðum um allt svæðið. Sjá mynd 8.



Mynd 8. Myndin er tekin af vef Byggðastofnunar og sýnir fjölda og samsetningu þeirra sem eru með erlent ríkisfang á Norðurlandi vestra.

Haustið 2023 sótti Farskólinn um styrk til Rannís, til að kenna sjö íslenskunámskeið árið 2024. Á vorönn var gerður samningur um fjármögnun námskeiða milli Rannís, fyrir hönd félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og Farskólans að upphæð **2.268.000 kr.** Í samningi var gert ráð fyrir sjö námskeiðum með samtals 70 þátttakendum árið 2024.

Árið 2024 voru haldin **sjö íslenskunámskeið**, styrkt af Rannís, fyrir útlendinga á Norðurlandi vestra. Tvö önnur námskeið, *Skref til sjálfshjálpar*, voru haldin fyrir útlendinga á árinu en þau námskeið tilheyrðu vottuðum námsmleiðum FA og voru styrkt af Fræðslusjóði eins og fram hefur komið. Samtals voru námskeið í íslensku sem öðru máli því níu árið 2024 ef allt er talið með.

Í íslenskunáminu var stuðst við námsefnið: *Íslenska fyrir alla*, eftir Sólborgu Jónsdóttur og Þorbjörgu Halldórsdóttur. Auk þess studdust leiðbeinendur við eigið efni og efni af netinu. Farskólinn á gott safn af *ítarefni* fyrir íslenskukennsluna í formi spila og leikja auk þess sem Farskólinn kaupir léttlestrarbækur ætlaðar námsmönnum. Sæmi dæmi um þær eru: *Árstíðir* og *Dagatal* eftir Karítas Hrundar Pálsdóttur.

[Sláðu inn hér]

Leiðbeinendur íslenskunámskeiðanna voru: Sara Gísladóttir og Davíð Jóhannsson á Sauðárkróki og Jóhanna Guðrún Jónasdóttir á Blönduósi. Nær allir leiðbeinendur eru með kennsluréttindi og áralanga reynslu af kennslu.

Ítarleg skýrsla var send til Rannís og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um íslenskukennsluna árið 2024, ásamt niðurstöðum úr námskeiðsmati með athugasemdum þátttakenda um námskeiðið. Námskeiðsmatið var lagt fram í „Forms“ og lagt fyrir rafrænt í tölvuósti. Ekki var hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda. Í námskeiðsmati kom meðal annars fram að 100% þeirra sem tóku þátt voru mjög ánægðir eða ánægðir með miðlun leiðbeinenda á námsefninu. Allir töldu sig hafa lært mikið eða nokkuð í íslensku og 100% voru ánægðir með þjónustu Farskólans.

Verkefnastjórar námskeiðanna í íslensku sem öðru máli voru Jóhann Ingólfsson, Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir og Þórhildur Jónsdóttir.



Útskrift úr Íslensku 2 á Blönduósi vor 2024. Ljósmynd: Farskólinn.

STARFSTENGD NÁMSKEIÐ – PERSÓNULEG FÆRNI

Matarhandverk - námskeiðsröð fyrir bændur og aðra áhugasama

Árið 2024 hélt Farskólinn áfram að skipuleggja og bjóða upp á námskeið tengd matarhandverki fyrir bændur og aðra áhugasama á Norðurlandi vestra. Námskeiðin voru öllum opin.

Samtals voru haldin sex námskeið í þessum flokki árið 2024 og voru þau haldin í vottaðri vörusmiðju BioPol á Skagaströnd þar sem öll aðstaða var til fyrirmyndar fyrir námskeið af þessu tagi.

Námskeið Farskólans í matarhandverki eru öll verkleg og þar af leiðandi eru fáir þátttakendur á hverju námskeiði. Allir taka þátt og í lok námskeiðs taka þátttakendur afrakstur námskeiðsins með sér heim. Námskeið í matarhandverki voru styrkt af SSNV – samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Leiðbeinendur voru: Páll Friðriksson og Sigfríður Halldórsdóttir, kjötiðnaðarmeistarar og Þórhildur Jónsdóttir, matreiðslumeistari.

Verkefnastjóri námskeiða í matarhandverki var Halldór B. Gunnlaugsson.

Fræðsluáætlun – sveitarfélagið Skagafjörður

Farskólinn skipulagði og hélt utan um fræðslu fyrir starfsfólk sveitarfélagsins Skagafjarðar. Samtals tóku starfsmenn Skagafjarðar þátt í 25 námskeiðum árið 2024. Náð samstarf var við mannauðsstjóra sveitarfélagsins Skagafjarðar, Hrefnu Gerði Björnsdóttur, um framkvæmd fræðsluáætlunar sveitarfélagsins.

Verkefnastjóri var Halldór B. Gunnlaugsson.

Fræðsluáætlun - HSN

Farskólinn var í nánú samstarfi við SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga um skipulag og ut anumhald námskeiða fyrir HSN – Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Starfshópin skipuðu: Halldór B. Gunnlaugsson, frá Farskólanum, Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir frá SÍMEY og Helena Eydís Ingólfssdóttir frá Þekkingarneti Þingeyinga. Samtals tóku starfsmenn HSN þátt í 39 námskeiðum árið 2024. Leiðbeinendur komu víða að og voru allir sérfræðingar á sínu sviði.

Verkefnastjóri var Halldór B. Gunnlaugsson.

FJÖLMENNT – FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA

Árið 2024 fékk Farskólinn vilyrði fyrir styrk frá Fjölmennnt – fullorðinsfræðslu fatlaðra upp á 2.000.000 kr. Samtals voru haldin sjö námskeið árið 2024 fyrir þennan hóp auk þess sem námsleiðin „Færni á vinnumarkaði“ var tilraunakennd.

Verkefnastjóri námskeiða fyrir fatlaða var Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir.

ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Námskeið í samstarfi við stéttarfélagin

Árið 2024 voru haldin 33 (26 árið 2023) námskeið og fyrirlestrar í samstarfi við stéttarfélagin Ölduna, Samstöðu, Kjöl, Sameyki, Verslunarmannafélag Skagafjarðar og Iðuna. Lögð var áhersla á fræðslu sem væri uppbyggileg og sem skipti fólk máli í daglegu lífi. Námskeiðin voru vel auglýst um allt Norðurland vestra.

Verkefnastjóri var Halldór B. Gunnlaugsson.

Myndin sýnir hluta auglýsingar um stéttarfélagsnámskeið í Námsvísi Farskólans haustið 2024.

Náms- og starfsráðgjöf

Þau markmið sem sett voru við upphaf ársins 2024 í náms- og starfsráðgjöf náðust ekki. Farskólinn gerði samning við SÍMEY símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar um þjónustu ráðgjafa á seinnihluta ársins 2023. Einnig var gerður samningur við Margréti Hallsdóttur, náms- og starfsráðgjafa, um að taka viðtöl við helgarnemendur í iðngreinum hjá FNV, til að kortleggja þörf þeirra fyrir nám í bóklegum greinum og veita þeim ráðgjöf í framhaldinu.

Farskólinn fékk úthlutað **3.975.000 kr** (4.444.000 kr árið 2023) úr Fræðslusjóði fyrir árið 2024, til að taka náms- og starfsráðgjafaviðtöl. Framkvæmt var fyrir **3.294.800 kr**. Farskólinn endurgreiddi Fræðslusjóði því 680.200 kr.

Árið 2024 voru tekin samtals **214** viðtöl (196 viðtöl árið 2023). Af þessum 214 viðtölum voru 170 viðtöl með einstaklinga innan markhópsins og 44 utan markhópsins. Viðtölin skiptust í nokkra flokka: Sjá töflu 3:

Tafla 3. Taflan sýnir tegundir viðtala árið 2024 hjá Farskólanum. Upplýsingar frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Tegundir viðtala	Fjöldi viðtala	Fjöldi innan markh.	Fjöldi utan markh.
Ráðgjafaviðtal – fyrsta viðtal	55	36	19
Ráðgjafaviðtal – viðbótarviðtal	37	31	6
Hvatningarviðtal	89	71	18
Hópráðgjöf	33	32	1

Raunfærnimat

Ekki tókst að ljúka verkefnum vegna 2023 innan þess árs og því voru verkefni að upphæð 2.364.00 flutt yfir til vorsins 2024, eins og heimilt er í reglum þar sem Farskólinn hefur 18 mánuði til að vinna raunfærnimatsverkefni. Ekki tókst að vinna fyrir þetta fjármagn og var Fræðslumiðstöðinni endurgreidd sú upphæð um mitt ár 2024.

Farskólinn gerði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um nokkur verkefni í raunfærnimati árið 2024 upp á 3.030.000 kr. Þar sem fjármagn vantaði í námsleiðir þá var nýtt heimild til þess að færa 50% fjármagns fyrir raunfærnimat yfir í námsleiðir. Unnin voru raunfærnimatsverkefni árið 2024 að upphæð 1.019.326 og afgangur uppá 495.674 fluttur til vorsins 2025 eins og heimild er til.

Tafla 4. Taflan sýnir verkefni í raunfærnimati árið 2024 samkvæmt áætlun og framkvæmd.

Grein	2024/2025
Ýmsar iðngreinar í samstarfi við Iðuna (2024)	framkvæmt 2024
Leikskólaliðar og stuðningsfulltrúar (2022)	Framkvæmt 2024

Háskólanám

Frá árinu 2002 hefur Farskólinn í samstarfi við sveitarfélög á Norðurlandi vestra veitt háskólum á Íslandi þjónustu í formi aðstöðu fyrir fjarnemendur til náms og prófatöku. Frá þeim tíma hafa verið starfrækt námsver og námsstofur á þremur stöðum á Norðurlandi vestra (námsveri á Skagaströnd var lokað 2023). Í námsverunum hafa háskólanemar ágætis aðstöðu til að stunda nám sitt, ef þeir kjósa svo og þar geta þeir tekið sín próf. Sjá nánar í töflu 6.

Tafla 5. Taflan sýnir staðsetningu námsvera og námsstofa á Norðurlandi vestra og nöfn tengiliða árið 2024.

Námsver og námsstofur á Norðurlandi vestra		
Staðir	Umsjónarmenn	Staðsetning
Hvammstangi	Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir	Höfðabraut 6
Blönduós	Þórhalla Þórhallsdóttir Katharina Schneider	Blönduskóli Kvennaskólinn
Sauðárkrókur	Halldór Gunnlaugsson Þórhildur Jónsdóttir	Við Faxatorg

Sveitarfélögin tóku þátt í samstarfi um að bjóða háskólanemum upp á þjónustu og þau sáu að mestu leyti um rekstur námsveranna en Farskólinn sá um tækjakaup. Á Hvammstanga og Skagaströnd voru starfsmenn í hlutastarfi hjá sveitarfélaginu. Textílmíðstöð Íslands, Þekkingarsetur á Blönduósi hafði umsjón með námsverinu á Blönduósi en það er til húsa í Kvennaskólanum. Háskólanemar fengu lykla að námsverunum og hafa að þeim aðgang allan ársins hring. Í lok ársins 2023 var námsstofunni á Skagaströnd lokað og starfsmenn Grunnskólans munu taka að sér þjónustu vegna prófa háskólanema.

Flestir háskólanemar í fjarnámi bjuggu í Skagafirði. Árið 2024 voru tekin samtals 456 próf (421 próf árið 2023) í námsverunum. Ekki var haldin skráning yfir allar prófatökur á árinu. Sem dæmi um próf sem ekki voru skráð voru svokölluð heimapróf háskólanema sem ekki krefjast yfirsetu. Flest próf voru tekin í Skagafirði eða 308. Sjá nánar um háskólaprófin í töflu 6.

Tafla 7. Taflan sýnir fjölda skráðra háskólaprófa sem tekin voru í heimabyggð árið 2024 á Norðurlandi vestra.

Háskólapróf á Norðurlandi vestra árið 2024					
Skóli	Sauðárkrókur	Blönduós	Hvammstangi	Skagaströnd	Samtals
HA	220	42	52	7	321
HÍ	14	10	14	1	39
HR	36	1	0	0	37
Bifröst	12	0	3	1	16
LBHÍ	25	13	4		42
Endurm HÍ	1	0	0	0	1
Samtals	280	43	61	37	456

[Sláðu inn hér]

Þeir sem ekki teljast fjarnemar þurfa samþykki frá sínum skóla til að taka prófin á heimaslóðum. Frá haustinu 2023 greiddu háskólanemar prófagjald að upphæð 4.000 kr fyrir hvert próf. Ekki þarf að greiða fyrir fleiri en þrjú próf á önn.

Eins og fyrr var sagt þá er þjónusta við háskólanemendur samstarfsverkefni Farskólans, sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og háskólanna. Samningar um verkefnið voru fyrst undirritaðir árið 2002 en þeir hafa ekki verið endurnýjaðir við háskólana. Samningar við sveitarfélögin eru uppfærðir árlega en framkvæmdastjóri sér um að senda samningsdrög á alla sveitarstjóra í september ár hvert.

Um nokkurra ára skeið gaf Farskólinn út sérstakt háskólablað sem gefið var út að vori. Í blaðinu var nám skólanna kynnt ásamt viðtölum við nemendur og aðra eins og sveitarstjóra.

Farskólinn starfar eftir ákveðnum reglum og vinnulagi sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar ásamt Háskólanum á Akureyri hafa komið sér saman um, til að tryggja að framkvæmd prófanna sé eins og best verður á kosið hverju sinni.

Verkefnastjóri með háskólanámi og prófatökum var Halldór Gunnlaugsson. Aðrir starfsmenn Farskólans komu einnig að verkefninu. Starfsmenn skiptu yfirsetu á milli sín.



Háskólanemar við prófundirbúning haustið 2024. Ljósmynd: Farskólinn.

Erasmus+ aðild

Erasmus+

Haustið 2023 sótti Farskólinn um svokallaða Erasmus+ aðild til þriggja ára. Í umsókninni er sótt um í ákveðin verkefni og ef umsókn fæst samþykkt þá er umóknarferlið allt einfaldað og fjármagn trygg til þriggja ára. Umsókn Farskólans var samþykkt og árið 2024 fékk Farskólinn 72.466 evru styrk til þess að vinna fyrir á tímabilinu 1.06.2024 - 30.08.2025.

Þau verkefni sem Farskólinn sótti um styrk til voru eftirfarandi:

1. Efla og styðja starfsfólk Farskólans til endurmenntunar.
2. Fræðsluferðir fyrir kennara í Íslensku.
3. Fræðsluferð með bændur og smáframleiðendur sem sótt hafa námskeið Farskólans.

Fyrsta ferðin var farin í lok september 2024 til Ítalíu með 20 manna hóp þar sem Matarhandverksskóli var heimsóttur, smáframleiðendur á svæðinu og sýningin Terra Madre sem er stærsta sýning á matarhandverki í Evrópu og er haldin annaðhvert ár.



Myndin er tekin í heimsókn til smáframleiðenda á Ítalíu í september 2024. Ljósmynd: Farskólinn.

Verkefnastjóri: Halldór B. Gunnlaugsson.

Gæðastarf og viðurkenning

EQM+

Farskólinn fékk fyrst formlega gæðavottun EQM (European Quality Mark) við lok ársins 2012 frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sett fram viðbót við vottunarmerkið EQM og bætt við vottun á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Gæðavottunin heitir nú EQM+. Árið 2022 var farið í gegnum alla gæðavísu EQM+ og gæðavottun var staðfest snemma árs 2023. Vinna við að endurskoða gæðahandbók hófst einnig.

Niðurstöður úttektar

Allir starfsmenn og stjórnendur sem tóku þátt í viðtalinu voru mjög vel að sér um starfsemina og í stakk búnir til að svara öllum spurningum sem upp komu. Starfsemi Farskólans er vel skipulögð, með skráningarsíðu og gagnabanka sem er til fyrirmyndar, mjög góða aðstöðu fyrir bæði námskeið og starfsfólk og sjálfsmat sem byggir á stöðlum EQM+. Þeirra eigin væntingar til starfseminnar og nýtingar á sjálfsmatsferli og gæðaeftirliti sem uppfyllir öll skilyrði EQM og EQM+ eru miklar.



Í kjölfar gæðaúttektarinnar fékk Farskólinn nýja viðurkenningu frá FA til næstu þriggja ára eða til loka ársins 2025.



Myndin sýnir viðurkenningu EQM sem veitt var 2023. Skjámynd: Farskólinn..

Viðurkenning til að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára

Haustið 2022 hófst vinna við að sækja um endurnýjun á viðurkenninga fræðsluaðla (Farskólinn) til Menntamálastofnunar. Núverandi viðurkenning gildir til maí 2026. Sjá mynd.

Gæðamál voru á hendi framkvæmdastjóra ásamt umsóknarvinnu vegna viðurkenningar.

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
Faxatorgi
550 Sauðárkróki

Kópavogi, 15. september 2023
Tilvísun: M23040027

Efni: Viðurkenning framhaldsfræðsluaðila til þriggja ára – Farskólinn miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Vísað er til umsóknar Farskólans – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, kt. 460993-2379, sem barst 19. apríl 2023 þar sem sótt er um viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu veitir ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu rikissjóðs. Viðurkenningin veitir nemendum ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Menntasjóði námsmanna. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Menntamálastofnun hefur metið umsóknina og önnur framlögð gögn um starfsemi Farskólans – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 ásamt yfirlýsingum og viðaukum. Meðal atriða sem metin voru sérstaklega eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, kt. 460993-2379, viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin byggir á að kennsla fari fram í húsnæði Farskólans – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra eins og því er lýst í umsókninni.

Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri

Samstarf og önnur verkefni

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Farskólinn var með þjónustusamning við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um ráðstöfun rekstraframlags á fjárlögum. Samningurinn gildi út árið 2024.

Frá stofnun fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna hafa þær heyrt undir mennta- og menningarmálaráðuneytið en árið 2021 voru gerðar stjórnsýslubreytingar og þær fluttar til nýs ráðuneytis. Í sáttmála núverandi ríkisstjórnar er meðal annars talað um að efla sí- og endurmenntun og að endurskoða lögjög um framhaldsfræðslu. Allt gert til að tryggja „að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði“ (2021. Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs).

Á hverju hausti undanfarin ár hefur framkvæmdastjóri Farskólans fundað með ráðuneytinu um ársreikning og ársskýrslu. Til slíkra funda hefur ekki verið boðað undanfarin fjögur ár.

Lög um framhaldsfræðslu og reglugerð eru í endurskoðun innan ráðuneytisins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - Fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er í eigu ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins og er samstarfsvettvangur og verkfærasmiðja eigenda í fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Helsta hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína. Sjá: <https://frae.is/um-fa/>.

Á hverju ári sækir Farskólinn um fjármagn til Fræðslusjóðs um kennslu vottaðra námsskráa, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat og gerir FA, fyrir hönd Fræðslusjóðs, skriflegar samning við Farskólann. Frá þessum verkefnum hefur þegar verið greint. Auk þess fundar FA reglulega með fræðslu- og símenntunarmiðstöðvun innan Símenntar áður Kvasis.

SSNV – samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Starfssvæði SSNV afmarkast af sveitarfélagamörkum allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, allt frá Almenningsnöf í austri að Stikuhálsi milli Bitru og Hrútafjarðar í vestri og eru öll sveitarfélög á svæðinu aðilar að samtökunum. Þeir málaflokkar sem SSNV kemur að eru margir; meðal annars menntamál. Eitt af markmiðum SSNV er að stuðla að eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Sjá nánar: <https://www.ssnv.is/is/um-ssnv>.

SSNV hefur stutt dyggilega við bakið á mörgum verkefnum Farskólans í gegnum tíðina bæði með fjárstyrkjum og eins með því að veita Farskólanum sérfræðiráðgjöf.

Árið 2023 styrkti SSNV svokölluð matarhandverksnámskeið hjá Farskólanum. Það er ljóst að erfitt hefði verið að halda námskeiðin ef ekki hefði komið til styrkur frá SSNV. Núverandi framkvæmdastjóri SSNV er Katrín M. Guðjónsdóttir.

Vörusmiðja – Biopol

Vörusmiðja – Biopol á Skagaströnd var stofnuð í september 2017. Vörusmiðjan er með vinnsluleyfi frá Matvælastofnun og framleiðendur og frumkvöðlar eru velkomnir í smiðjuna til að þróa og framleiða sínar vörur. Verklegr námskeið sem Farskólinn skipulagði fyrir bændur og aðra áhugasama um matarhandverk voru haldin í smiðjunni enda öll aðstaða eins og best verður á kosið. Árið 2023 voru haldin sjö námskeið í Vörusmiðjunni. Verkefnastjóri í Vörusmiðjunni var Þórhildur M. Jónsdóttir (nú starfsmaður Farskólans) og framkvæmdastjóri Biopol er Halldór G. Ólafsson.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Farskólinn hefur verið í góðu samstarfi við FNV þegar kemur að vottuðum námsleiðum, eins og Grunnmennt. Í Grunnmennt er verið að kenna áfanga eins og ensku, dönsku, stærðfræði og íslensku. Frá upphafi hefur Farskólinn stuðst við áfangalýsingar hjá FNV enda hefur stærsti hluti nemenda þessara námsleiða hjá Farskólanum einnig stundað helgarnám, til dæmis í húsasmíði, við FNV. Skólameistari og áfangastjóri hafa verið boðnir og búnir að veita ráð og aðstoða og kennarar í FNV hafa kennt þessar námsgreinar sem hér um ræðir. Margrét Hallsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og starfsmaður FNV tók náms- og starfsráðgjafaviðtöl fyrir Farskólann á haustönn 2024. Skólameistari FNV er Ingileif Oddsdóttir.

Stéttarfélög – Landsmennt

Farskólinn var í góðu samstarfi við stéttarfélögin Samstöðu, Ölduna, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Kjöl og Sameyki. Félagin hafa stutt vel við námskeiðahald fyrir sína félagsmenn. Það sama má segja um Landsmennt og Ríkismennt. Nánar er fjallað um samstarfsverkefnið í kaflanum um stéttarfélagsnámskeiðin.

Símennt – áður Kvasir

Farskólinn er aðili að Símennt - samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær nokkuð þétt net hringinn í kringum landið. Rauðu deplarnir á kortinu sýna hvar höfuðstöðvar miðstöðvanna eru ásamt útstöðvum eða námsverum. Sjá kort.



Myndin sýnir staðsetningu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Símenntar áður Kvasis og útstöðvar þeirra.

Markmið Símenntar eru meðal annars að efla símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi, þar sem lögð er áhersla á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana á mikilvægi símenntunar starfsfólks.

Við lok ársins 2024 sátu í stjórn Símenntar: Guðjónína Sæmundsdóttir, formaður, Sædís Jónatsnasdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir. Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu og oftast með aðstoð tækninnar.

Heimasíða Símenntar er: www.simennt.is.

Leikn

Farskólinn er aðili að Leikn. Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvári þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi.

Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is.

Vinnumálastofnun

Farskólinn hefur verið í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun.

Farskólinn skipulagði og hélt utan um námsleiðina **Ferðapjónusta I** fyrir Vinnumálastofnun eins og áður hefur komið fram. Sjá nánar í kaflanum um námsleiðir. Tengiliður Farskólans og VMST í Skagafirði er Sandra Hilmarsdóttir.

Persónuverndarstefna

Árið 2018 hófst vinna við að móta nýja persónuverndarstefnu fyrir Farskólann. Í lok árs 2019 var ákveðið að fara í samstarf við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða um verkefnið. Ný persónuverndarstefna var tekin í notkun í lok ársins 2019 og birt sem frétt á heimasíðu Farskólans í janúar 2020. Á fyrsta stjórnarfundum ársins 2021 var stefnan tekin til umfjöllunar og samþykkt. Hlé var gert á endurskoðun persónuverndarstefnu Farskólans árið 2023 og verður þráðurinn tekinn upp að nýju haustið 2024.

Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir og Halldór Gunnlaugsson héldu utan um verkefnið fyrir hönd Farskólans.

Húsnæði og búnaður

Farskólinn leigði þrjár skrifstofur undir starfsemi sína við Faxatorg á Sauðárkróki. Þar er námsver háskólanema í Skagafirði einnig til húsa.

Námsverin á Norðurlandi vestra eru ágætlega búin tækjum og húsgögnum. Á Faxatorgi eru tveir stórir kennsluskjáiir ásamt fartölvum sem notaðar eru sem kennslubúnaður. Fartölvur eru einnig í öðrum námsverum til að styðja við kennslu og fundi ásamt skjáum. Þar geta fjarnemendur á háskólastigi og aðrir námsmenn fundið sér næði til að sækja kennslustundir, hlusta á fyrirlestra og taka próf. Ljósmyndir úr námsverunum má sjá á heimasíðu Farskólans.

Inna - skráningar

Haustið 2017 tók Farskólinn skráningar- og kennslukerfið Innu í notkun. Innleiðingin gekk hægt en örugglega og það fylgdi henni mikil vinna næstu misserin. Inna var tekin í notkun að frumkvæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Eftir að Þjónustustjóri hætti störfum vorið 2022 tóku aðrir starfsmenn að sér að skrá nemendur og námskeið í Innu.

Farskólinn skráir nú öll stærri námskeið inn í Innuna. Einnig eru framhaldsskólaeiningar skráðar þangað inn. Það á við um einingar vegna „Grunnmenntar“ og brúarnámið svo dæmi séu tekin.

Ljóst er að það þarf að leggja áframhaldandi vinnu í að fara yfir skráningar í Innu til að tryggja að þær séu réttar og birtist réttar á island.is.

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025

Farskólinn – Miðstöð símenntunnar á Norðurlandi vestra hefur sett sér eftirfarandi markmið fyrir starfsemi ársins 2025

Vottaðar Námsleiðir

Haustið 2024 sótti Farskólinn um fjármagn til Fræðslusjóðs, til að kenna vottaðar námsleiðir **árið 2024**. Stjórn Fræðslusjóðs samþykkti að veita **13.800.000** kr til kennslu vottaðra námsleiða. Framlag ársins er að stærstum hluta komið í verkefni sem eru hafin eð munu fara af stað á árinu og Farskólinn mun því sækja um aukafjármagn þegar auglýst verður eftir umsóknum í það.

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir eftirfarandi verkefnum. Sjá töflu 8.

Tafla 8. Námskrár sem áætlað er að kenna árið 2025

Vottaðar námsleiðir FA – heiti námskráa
Grunnmennt (50 %) – margir áfangar
Íslenska og atvinnulífið - hópur 1
Íslenska og atvinnulífið – hópur 2
Íslenska og atvinnulífið – hópur 3
Tölvufærni og tæknilæsi
Skref til sjálfshjálpar
Skref til sjálfshjálpar
Skref til sjálfshjálpar

Náms – og starfsráðgjöf

Farskólinn fékk úthlutað **3.385.000** kr til náms- og starfsráðgjafa árið 2025. Enginn ráðgjafi starfar við skólann en verkefnastjórar munu sinna ráðgjöfinni auk þess samningur var gerður við SÍMEY um ráðgjöf og Margréti Hallsdóttur Náms- og starfsráðgjafa eins og komið hefur fram.

Markmið 2025 er að fara langt með fjármagn til ráðgjafa á vorönn, bæði til þess að létta þrýstingi af haustinu og gera Farskólanum mögulegt að sækja um viðbótarfjármagn til ráðgjafa þegar kallað verður eftir beiðnum um það af Fræðslusjóði. Markmiðið er að 70% af fjármagni ársins sé búið að vinna fyrir í lok júní.

Raunfærnimat

Framlag til raunfærnimats árið 2025 er 2.581.820 kr.

Árið 2025 er gert ráð fyrir raunfærnimati á móti námskrá í þjónustugreinum samtals tíu þátttakendur.

Gert er ráð fyrir átta þátttakendum í samstarfi við Iðuna og loks var sótt var um vegna fimm þátttakenda sem færu í raunfærnimat á móti námskrá fyrir sjúkraliða.

Á vorönn 2025 er gert ráð fyrir að raunfærnimatsverkefni frá 2024 verði framkvæmd.

Íslenska sem annað mál

Gert er ráð fyrir styrk til níu námskeiða fyrir 90 þátttakendur. Það er því ljóst að miðað við það hvernig vorið fer af stað, að Farskólinn mun vanta fjármagn til þess að geta boðið uppá íslenskunámskeið haustið 2025.

Farskólinn er í frábæru samstarfi við FISK, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Norðurlandi vestra og lang fjölmennast vinnustaður fólks af erlendu bergi. 30 starfsmenn FISK sóttu íslenskukennslu á launum frá fyrirtækinu og var þeim skipt í þrjá hópa og árangur er slíkur þegar þetta er skrifað að þetta samstarf mun halda áfram.

Haustið 2024 bauð Farskólinn í fyrsta sinn uppá stöðumat í íslensku og notar til þess staðlað próf (Eurotest) sem hefur gefið frábæra raun. Bæði náum við að raða fólki í hópa eftir getustigi og einnig hefur fólki verið boðið að taka matið að loknum áfanga og getur þá séð mjög sýnilegan árangur á framför sem undantekningalaust hefur orðið í þeim tilvikum sem við höfum séð.

Fullorðinsfræðsla fyrir einstaklinga með fötlun

Að bjóða uppá og halda 10 - 15 námskeið fyrir fólk með fötlun á Norðurlandi vestra.

Námskeiðin eru ákveðið í samráði við væntanlega þátttakendur og þá sem starfa með hópnum. Safnað saman hugmyndum sem sendar eru á tengiliði og þau námskeið haldin sem mestur áhugi er á hverju sinni. Samráðsfundir verða haldnir reglulega, að minnsta kosti tvisvar til þrisvar á ári.

Að halda námskeið á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki.

Önnur námskeið – starfstengt, gagn og gaman

Framhald verður á þeim verkefnum sem byggja á fræðsluáætlunum fyrir sveitarfélagið Skagafjörð og HSN – heilbrigðisstofnun Norðurlands. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi við stéttarfélögin varðandi námskeiðahald fyrir félagsmenn þeirra. Markmið Farskólans er að halda að lágmarki 90 -110 almenn námskeið og fyrirlestra, fyrir utan vottaðar námsleiðir FA

Háskólanám

Farskólinn heldur áfram að taka vel á móti háskólanemum í fjarnámi. Framhaldsskólanemar í fjarnámi hafa þrýst á um það að mega taka sín próf hjá Farskólanum. Þessum hópi er tekið fagnandi eins og öðrum sem til skólans leita varðandi prófatökur.

Evrópuverkefni

Farskólinn sótti um og fékk samþykkt Erasmus+ aðild í flokkinn Nám og þjálfun í febrúar 2024 síðastliðinn. Verkefnið er til þriggja ára og gengur út á að:

- heimsækja og kynnast matarhandverki, matarhandverksskólum, sækja námskeið og heimsækja framleiðendur í Evrópu. Að þessu sinni verða það ekki einvörðungu starfsmenn og kennarar Farskólans, heldur verða með í för hópur bænda og

[Sláðu inn hér]

smáframleiðenda, með það að markmiði að afla nýrrar þekkingar og opna augu þessa hóps fyrir nýjum tækifærum.

- Einnig verður farin ferð með íslenskukennara Farskólans
- Þriðja ferðin verður fyrir starfsmenn Farskólans.

Eftir er að skipuleggja þessar ferðir. Samþykktur styrkur hjóðar upp á 89.000 evrur 2025-2026 (var 72.466 evrur 24-25) að hámarki.

Þróunarverkefni

Farskólinn mun sækja um þróunar- og nýsköpunarstyrki sem falla að starfsemi skólans.

Markaðs- og kynningarmál

Markmið ársins 2025 eru að:

- Kynna starfsemi Farskólans í fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum fræðslu-erindrekstur.
- Taka virkan þátt í fundum og verkefnum sem tengjast Norðurlandi vestra.
- Stofna teymi í markaðs og kynningarmálum Farskólans.
- Skrifa reglulega fréttir í staðarmiðlana um allt svæðið.



Námskeiðið „Matur frá Marokkó“ haust 2024. Ljósmynd: Farskólinn.

Rekstraráætlun 2025

Farskólinn - Miðstöð símenntunnar á Norðurlandi vestra		
Rekstraráætlun 2025		
Rekstrartekjur:		
Framlag ríkisjóðs samkvæmt samningi		32,500,000
Viðbótarframlag v. Háskólanáms		2,400,000
Styrkur vegna Íslenskukennslu (Rannís)		3,056,400
Fræðslusjóður – námsleiðir		13,800,000
Fræðslusj. – náms og starfsr.		3,385,000
Fræðslusj - raunfærnimat		2,581,820
Fjölmennt – styrkur vegna fullorðinsfræðslu fatlaðra		2,000,000
Styrkir - vildargjöld		1,500,000
Þáttökugjöld vegna nemenda		20,000,000
		81,223,220
Rekstrargjöld:		
Aðkeypt kennsla (verktakagreiðslur)		20,000,000
Annar kostnaður vegna námskeiða		4,000,000
Laun og launatengd gjöld		45,000,000
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður		4,500,000
Leiga og rekstur húsnæðis		4,000,000
Annar rekstrarkostnaður		2,500,000
		80,000,000
Fjármagnstekjur og (- Fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur	-	3,000,000
Vaxtagjöld, þjónustugjöld		150,000
Fjármagnstekjuskattur		700,000
	-	2,150,000
Áætlaður hagnaður		3,373,220

Lokaorðin mín



Fyrir ekki svo löngu síðan var ég spurður hvaða **hlutverki** Farskólinn gegndi, **fyrir hverja** hann væri og hver **framtíðarsýn** mín væri fyrir hönd Farskólans.

Ef ég byrja á því að velta fyrir mér „**hlutverk hans**“ fyrir mig persónulega sem íbúa í þessu samfélagi (og ég reyni að fremsta megni að gleyma því að ég vinn þar), þá er hann mér afar mikilvægur á sama hátt og mér finnst frábært hvað við eigum frábært leikfélag, frábæra matsölustaði, öflugt íþróttalíf, kórastarf, algjöra paradís í fjallgördunum sem umlykja okkur, o.s.frv. o.s.frv. Farskólinn er einn af þeim hlutum sem gerir það að verkum að mig langar að búa á Norðurlandi vestra. Án hans væri lífið mitt, mun fátæklegra. Mér finnst ómetanlegt að geta sótt frábær námskeið sem mörg hver og sennilega flest, hafa búið til skemmtilegar minningar og kennt mér

hluti sem mig hefur langað að læra, líka hluti sem ég vissi alls ekki að mig langaði að læra. Ég hef átt skemmtilegar stundir og kynnst skemmtilegu fólki sem ég heilsa í búðinn og spjalla við þegar ég hitti aftur, fólk sem ég hefði án efa aldrei áttað mig á væri svona skemmtilegt nema af því ég eyddi með því degi eða kvöldstund í að læra eitthvað sem við höfðum áhuga á að læra.

Þannig að þegar spurt er “**Fyrir hverja er Farskólinn?**” þá er hann fyrir alla Farskólinn íbúa Norðurlands vestra sem finna eitthvað við sitt hæfi í námskeiðsflórunni. Hann getur verið stökkpallur í starfi, veitt réttindi, hækkað launin þín, flýtt fyrir námsleiðinni, sparað þér akstur til höfuðborgarinnar vegna próftöku, eða gert þér kleift að stunda háskólanám án þess að yfirgefa heimabyggðina. Hann miðlar þekkingu sem þú þarft á að halda eða hefur áhuga á að öðlast – og fyrir marga, þar á meðal mig, er hann uppspretta ánægjulegra upplifana.

Ekki má gleyma samfélagslegu hlutverki Farskólans sem tengimiðstöð fólks. Hann er sérstaklega mikilvægur vettvangur fyrir fólk af erlendum uppruna til að mynda tengsl við samfélagið. Eitt kvöld við konfektgerð, þar sem allir hlæja saman, getur brotið niður múra og leitt til þess að fólk heilsast glaðlega í matvörubúðinni næst þegar leiðir liggja saman. Fyrir marga er þetta stórt skref í átt að því að finna sig velkomna í nýju samfélagi.

„**Framtíðarsýn Farskólans**“ er skýr – við ætlum að halda áfram að vera sveigjanlegur, persónulegur og nálægur fræðsluaðili sem mætir fólki þar sem það er statt. Í heimi sífellt flóknari tækni og breyttra atvinnuhátta er hlutverk okkar mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Þegar formlegri skólagöngu fólks líkur hvort sem er við lok grunnskóla, framhaldsskóla eða háskóla þá tekur Farskólinn við og fylgir þér út starfsæfina og í raun út lífið.

Fyrir hönd stjórnar Farskólans

Halldór Brynjar Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri